



SKÁTARNIR

ÁRSSKÝRSLA

BANDALAG ÍSLENSKRA SKÁTA 2019





SKÁTARNIR

Ársskýrsla
Bandalags íslenskra skáta
2019

EFNISYFIRLIT

Kveðja frá skátahöfðingja	3	Efnahagsreikningur	26
Stjórn og starfsfólk BÍS	4	Sjóðstreymisyfirlit	27
Starfsemi Bandalags íslenskra skáta	5	Skýringar	28
Rekstrarreikningur	26		



Kæru skátar

Styrkur skátahreyfingarinnar er fólkið; fólkið sem útfærir og framkvæmir hugmyndafræði skátastarfs og veitir börnum og ungmennum tækifæri til að læra færni til framtíðar. Þetta fólk er til dæmis þú og ég. Það sem fólkið gerir hefur bein áhrif á skátastarf. Að heilsa foreldri eða nýjum skáta með þeim hætti að viðkomandi einstaklingur upplifir að hann sé velkominn í starfið frá fyrstu stundu er ómetanlegt. Starfið verður skemmtilegra því andrúmsloftið sem fylgir því þegar allir viðstaddir eru ákveðnir í því að vera vinalegir, án þess þó að leyfa öðrum að ganga yfir sig, er eitthvað sem er eftirsóknarvert að tilheyra. Tilfinningin að tilheyra er einmitt gríðarlega mikilvæg hvað varðar t.d. andlega heilsu og vellíðan (heimsmarkmið 3). Skátarnir, eða öllu heldur fólkið í skátunum, hefur gríðarlega margt fram að færa, og það hefst allt með vinalegum móttökum.

Marta Magnúsdóttir
skátahöfðingi

1 STJÓRN OG STARFSFÓLK BÍS

1.1 Stjórn

Eftirtaldir skátar skipuðu stjórn BÍS frá Skátaþingi 2019:

- Skátahöfðingi: **Marta Magnúsdóttir**, BA í uppeldis- og menntunarfræði, fyrst kjörin 2017.
- Aðstoðarskátahöfðingi og formaður félagaráðs: **Dagmar Ýr Ólafsdóttir**, dýralæknir, fyrst kjörin 2017. Dagmar sagði sig frá öllum verkefnum í nóvember 2019 og fór í leyfi vegna anna.
- Gjaldkeri og formaður fjármálaráðs: **Sævar Skaptason**, framkvæmdastjóri, fyrst kjörin 2019.
- Formaður alþjóðaráðs: **Jón Ingvar Bragason**, verkefnastjóri, fyrst kjörin 2019. Jón Ingvar sagði af sér í ágúst 2019 þegar hann fór til starfa erlendis hjá WOSM. Dagmar Ýr Ólafsdóttir tók við keflinu og sinnti alþjóðaráði þar til hún sagði sig frá verkefnum í nóvember og fór í leyfi vegna anna.
- Formaður dagskráráðs: **Harpa Ósk Valgeirsdóttir**, hjúkrunarfr. og ljósmóðir, fyrst kjörin 2017.
- Formaður fræðsluráðs: **Björk Norðdahl**, tölvunarfræðingur, fyrst kjörin 2017.
- Formaður ungmennaráðs: **Ásgerður Magnúsdóttir**, nemi, fyrst kjörin 2019.
- Formaður upplýsingaráðs: **Jón Halldór Jónasson**, upplýsingafulltrúi, fyrst kjörin 2019.

Á Skátaþingi í apríl 2019 var Jón Ingvar Bragason kjörin formaður alþjóðaráðs til tveggja ára, Sævar Skaptason kjörin formaður fjármálaráðs og Jón Halldór Jónasson kjörin formaður upplýsingaráðs til eins árs.

1.2 Fastaráð BÍ

Eftirtaldir skipuðu fastaráð BÍS frá Skátaþingi 2019:

1.2.1 Alþjóðaráð:

- **Dagmar Ýr Ólafsdóttir**, dýralæknir (tók við formennsku af Jóni Ingvari Bragasyni)
- **Andrés Þór Róbertsson**, bílstjóri hjá ferðaþjónustu fatlaðra
- **Silja Þorsteinsdóttir**, nemi
- **Þórhildur Elínardóttir Magnúsdóttir**, nemi
- **Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir**, bakari

1.2.2 Dagskráráð:

- **Harpa Ósk Valgeirsdóttir**, hjúkrunarfr. og ljósmóðir formaður
- **Anna Marta Söbech**, nemi
- **Ingveldur Ævarsdóttir**, kennari
- **Þórhallur Helgason**, forritari
- **Rafnar Friðriksson**, nemi

1.2.3 Félagaráð:

- **Dagmar Ýr Ólafsdóttir**, dýralæknir, formaður
- **Anna Margrét Tómasdóttir**, tómstunda- og félagsmálafræðingur, forstöðumaður
- **Eva María Sigurbjörnsdóttir**, framleiðslustjóri
- **Kjartan Ólafur Gunnarsson**, nemi
- **Vilborg Norðdahl**, móttökufulltrúi

1.2.4 Fjármálaráð:

- **Sævar Skaptason**, framkvæmdastjóri, formaður
- **Auður Ólafsdóttir**, sjúkrabjálfi, framkvæmdastjóri
- **Óttarr Guðlaugsson**, sérfræðingur
- **Sigfús Örn Sigurðsson**, viðskiptafræðingur
- **Kolbrún Ósk Pétursdóttir**, ferðamálafræðingur sagði sig úr ráðinu þegar hún hóf störf sem erindreki hjá BÍS vegna hættu á hagsmunaárekstrum.

1.2.5 Fræðsluráð:

- **Björk Norðdahl**, tölvunarfræðingur, formaður
- **Eiríkur Pétur Eiríksson Hjartar**, vélvirkjameistari
- **Heiða Hrönn Másdóttir**, leikskólakennaranemi
- **Katrín Kemp**, nemi
- **Sædis Ósk Helgadóttir**, tómstunda- og félagsmálafræðingur

1.2.6 Ungmennaráð:

- **Ásgerður Magnúsdóttir**, nemi, formaður
- **Arnkell Ragnar Ragnarsson**, leikskólakennari
- **Hrafkell Úlfur Ragnarsson**, nemi
- **Ísold Vala Þorsteinsdóttir**, nemi
- **Thelma Líf Sigurðardóttir**, öryggisstörf

1.2.7 Upplýsingaráð:

- **Jón Halldór Jónasson**, upplýsingafulltrúi, formaður
- **Egle Sipaviciute**, nemi í mannfræðideild HÍ
- **Hildur Bragadóttir**, nemi
- **Magnús Geir Björnsson**, laganemi
- **Óskar Eiríksson**, verkfræðingur

1.3 Skátamiðstöðin

Starfsfólk

- **Guðmundur Örn Sverrisson** er fjármála- og verkefnastjóri BÍS. Hann sér um fjárhagsáætlanagerð, ber ábyrgð á fjármálum BÍS og dótturfélaga þess ásamt því að annast greiðslu reikninga. Guðmundur sér jafnframt um að halda utan um verkefni stjórnar. Guðmundur Örn hóf störf í lok sumars.

- **Hilda Ösp Stefánsdóttir** er bókari BÍS. Hún sér um að færa bókhald fyrir BÍS og dótturfélög þess og heldur utan um innheimtu viðskiptakrafna. Hilda aðstoðar einnig við prófarkalestur.

- **Hulda Mjöll Þorleifsdóttir** er upplýsinga- og þjónustufulltrúi BÍS. Helstu verkefni hennar eru þjónusta í móttöku, verslunarstjóri Skátabúðarinnar, húsvarsla, umsjón með félagatali og vefsíðum BÍS, endurfundir skáta og annað sem tilheyrir móttöku Skátamiðstöðvarinnar. Hulda vinnur að samfélagsmiðlamálum í samstarfi við aðra. Þá sér Hulda Mjöll um að bóka pantanir og veitir upplýsingar um Úlfjótswatn. Hún er jafnframt tengiliður ungmennaráðs og upplýsingaráðs. Hulda Mjöll hóf störf í júlí.

- **Kolbrún Ósk Pétursdóttir** og **Sigurgeir Bjartur Þórisson** eru erindrekar BÍS. Þau sjá um stuðning við að þróa og efla innra starf skátafélaga í landinu og vinna að því að fjölga skátum í starfi með því að vinna að þróun dagskrár í skátastarfi og efla gæði skátastarfs. Þau vinna með öðrum að því að styðja við og efla þekkingu skátafélaga á rekstri og fjármálum skátafélaga og samningagerð við sveitarfélög, starfsáætlanagerð og uppbyggingu á innra starfi skátafélaga. Þau aðstoða einnig við fræðslumál og námskeiðahald í skátastarfi. Kolbrún Ósk hóf störf á haustdögum.

- **Kristinn Ólafsson** er framkvæmdastjóri BÍS og dótturfélaga þess. Hann ber ábyrgð á rekstri Skátamiðstöðvarinnar og öðrum rekstri BÍS gagnvart stjórn þess. Hann undirbýr stjórnarfundir BÍS og fylgir eftir samþykktum þeirra. Kristinn situr jafnframt í stjórnunni dótturfélaga BÍS og Æskulýðsvettvangsins.
- **Margrethe Grønvold Friis**, annar erindreka BÍS. Hún lét af störfum á haustdögum 2019.
- **Margrét Sigríður Halldórsdóttir** sér um þrif í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123.
- **Páll Árnason** er fjármálastjóri BÍS í hlutastarfi. Hann ber ábyrgð á fjármálum BÍS og dótturfélaga þess ásamt því að annast greiðslu reikninga. Páll sér um fjárhagsáætlanagerð og eftirfylgni verkefna á því sviði hjá BÍS og dótturfyrirtækja ásamt styrkumsóknagerð. Páll lét af störfum í lok árs.
- **Rakel Ýr Sigurðardóttir** er viðburðastjóri BÍS. Hún sér um og ber ábyrgð á undirbúningi, áætlanagerð, kynningu og framkvæmd stærri og minni viðburða á vegum Bandalags íslenskra skáta s.s. Landsmótum, dagsviðburðum o.þ.h. Rakel Ýr er tengiliður við starfsemi Úlfjótssvatns og fulltrúi alþjóðamála.
- **Sigríður Ágústsdóttir** er skrifstofustjóri BÍS og ber ábyrgð á almennum rekstri Skátamiðstöðvarinnar, þar á meðal þjónustu við skátafélögin, GSAT gæðamálum og að fylgja eftir stefnumótunarvinnu og þeim verkefnum sem stjórn BÍS ákveður að hrinda í framkvæmd. Sigríður ber ábyrgð á styrkumsóknagerð og er jafnframt tengiliður félagaráðs og fræðsluráðs. Sigríður er staðgengill framkvæmdastjóra. Á haustdögum fór Sigríður í ársverkefni við að endurskipuleggja fræðslu- og námskeiðamál BÍS og útbúa heildar fræðsluskipulag.
- **Sigurgeir Bjartur Þórisson** er annar erindreka BÍS, sjá starfslýsingu hér ofar við nafn Kolbrúnar.

1.4 Skátabúðin ehf

Dótturfyrirtæki BÍS sem sér um verslunarrekstur Skátabúðarinnar, Tjaldaleigu skáta og sölu á Sigrænum jólatrjáum.



1.5 Skátamót ehf

Dótturfyrirtæki BÍS sem heldur utan um undirbúning og framkvæmd stærri viðburða á vegum BÍS s.s. Landsmótum skáta og öðrum mótum.

1.6 Grænir Skátar ehf

Hjá Grænum skátum ehf störfuðu 18 starfsmenn í 10,5 stöðugildum á árinu. Flestir starfsmenn Grænna skáta búa við skerta starfsgetu og veitir þessi starfsemi þeim kærkomið tækifæri til þess að sinna launaðri vinnu.



2 STARFSEMI BANDALAGS ÍSLENSKRA SKÁTA

Verkefni skátahreyfingarinnar eru mörg og fjölbreytt. Eitt þessara verkefna er að endurmeta stöðugt forgangsroðun verkefna og greina aðalatriði frá aukaatriðum. Endurnat verkefna er alltaf við hæfi og mikilvægt er að framsýni sé til staðar og reynt sé eftir fremsta megni að tryggja að verkefni hafi jákvæð áhrif á skátastarf á landsvísi. Skátahreyfingin er rík af fólki sem er tilbúin að miðla og leiða og oftar en ekki óskar BÍS eftir aðstoð sjálfbærðaliða við þróun og framkvæmd verkefna og eru öllum þeim sem lögðu verkefnum lið árið 2019 færðar kærar þakkir fyrir.

2.1 Stefnumótun BÍS

Stjórn BÍS setti af stað stefnumótunarvinnu undir yfirskriftinni „*Færni til framtíðar*“ með aðstoð Ingu Auðbjargar Straumland og stóð fyrir opinni vinnustofu haustið 2019. Ritstjórn stefnumótunar var skipuð úr röðum stjórnarmanna BÍS og stefnumótun var einnig rædd á félagsforingjafundi og á Ungmennanævingi. Stefnt er á að leggja stefnumótunina fram til samþykktar á skátanævingi 2020.

2.2 GSAT Alþjóðleg gæðaúttekt skátahreyfingarinnar

Gerð var alþjóðleg gæðaúttekt á starfi Bandalags íslenskra skáta (BÍS) í nóvember 2015. GSAT (Global Support Assessment Tool) gæðaúttektinni er ætlað að sýna hversu vel starfsemi BÍS samræmist alþjóðlegu skátastarfi WOSM (World Organisation of the Scout Movement). Stöðugt er unnið að úrbótum skv. niðurstöðum gæðavottunarinnar og endurnýjun gæðavottunar er á dagskrá 2020.

2.3 Samskipti við skátafélögin

Áfram var unnið í samræmi við stefnumörkun BÍS að því að styðja við starf skátafélaganna. Margrethe Grønvold Friis lét af störfum sl. sumar og Kolbrún Ósk Pétursdóttir tók við starfi hennar sem erindreki. Kolbrún Ósk Pétursdóttir og Sigurgeir Bjartur Þórisson eru talsmenn BÍS gagnvart skátafélagunum í landinu og veita þeim almennan stuðning í samráði við starfsfólk BÍS. Sjá kafla 3.1.



2.4 Fundir

2.4.1 Stjórnarfundir:

Stjórn Bandalags íslenskra skáta hélt 16 bókaða fundi á árinu 2019 og auk þess vinnufundi með ráðum og nefndum auk óformlegra funda. Reglulegir stjórnarfundir voru ýmist netfundir eða haldnir í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123.

2.4.2 Skátaping 2019

Skátaping 2019 var haldið á og við Úlfjótstvatn 5.-6. apríl 2019 og var þema þingsins: „Flokkurinn í fyrsta sæti“. Í lögum BÍS segir: „Skátaping fer með æðstu stjórn í málefnum Bandalags íslenskra skáta. Þingið skal halda ár hvert í mars- eða aprílmánuði, eftir ákvörðun stjórnar BÍS“.

Helstu mál á dagskrá Skátapings 2019 voru:

- Skýrsla stjórnar BÍS fyrir árið 2018 var rædd
- Reikningar BÍS fyrir árið 2018 voru ræddir og samþykktir
- Árgjald fyrir 2019-2020 var samþykkt
- Fjárhagsáætlun BÍS fyrir árið 2019-2020 var rædd og samþykkt
- Starfsáætlun BÍS 2019-2023 var rædd og samþykkt
- Lagabreytingar um greinar: 5, 10, 16, 18, 19, 20, 21, 22, 23, 24, 25, og 26. Meginhluti þessara lagabreytinga tengdust tillögu um einföldun á stjórnskipulagi BÍS.
- Breytingar á Grunnildum BÍS um skátaaðferðina
- Þingsályktunartillögur voru um foringjanámskeið og umhverfisvernd
- Umræðuhópar m.a. um merki BÍS (leiðbeiningapési), start-pakkar fyrir skátastarf, dagskrárefni, heimsmarkmið ofl.

Á sunnudeginum 7. apríl voru félagsstjórnarnámskeið og námskeið fyrir stjórn og fastaráð BÍS.

2.4.3 Félagsforingjafundir

Tveir félagsforingjafundir voru haldnir á árinu, 3. febrúar og 29. september. Helstu umræðuefni voru: Vöxtur í skátastarfi og félagaprennan, fjármál skátafélaga, skátaping 2019, endurskoðun á lögum og einföldun á skipulagi BÍS, persónuvernd, húsnæðismál, landsmót skáta 2020, upp-lýsinga- og samskiptamál og spekisþjall um skátastarf. Auk þess voru umræðuhópar tengdir þessum málefnum.

2.5 Afreks- og heiðursmerki

Stjórn BÍS samþykkti vorið 2006 reglugerð um heiðursmerki. **Samkvæmt henni eru eftirtalin heiðursmerki í notkun hjá BÍS:** Silfurúlfurinn, Skátakveðjan úr gulli, silfri og bronsi, Þórshamarinn úr gulli, silfri og bronsi og auk þess merki BÍS úr gulli, silfri og bronsi. **Eftirtalin hetjudáðamerki eru í notkun hjá BÍS:** Gullkrossinn, Silfurkrossinn og Bronskrossinn. **Eftirtalin þjónustumerki eru í notkun hjá BÍS:** Gyllta liljan og smárinn og Silfraða liljan og smárinn.

Eftirtaldir hlutu heiðursmerki BÍS á árinu 2019:

Silfurkrossinn, hetjudáðamerki BÍS:

Vigdís Björk Agnarsdóttir, Víflí, 12. desember

Þórshamarinn úr gulli

Hafðís Bára Kristmundsdóttir, Víflí, 25. apríl

Jóhanna Aradóttir, Svönum, 28. febrúar

Þórshamarinn úr silfri

Gísli Örn Bragason, Víflí, 25. apríl

Guðmundur Sigurðsson, Úlfjótstvatni, 5. apríl

Silja Þorsteinsdóttir, Klakki, 5. apríl

Þórshamarinn úr bronsi

Axel Haffþór Bergm. Steinarsson, Árbúum, 25. apríl

Berglind Lilja Björnsdóttir, Klakki, 5. apríl

Birkir Þór Fossdal, Árbúum, 25. apríl

Guðjón Orri Sigurðsson, Árbúum, 25. apríl

Guðrún Sigtryggsdóttir, Árbúum, 25. apríl

Jón Lárusson, Fossbúum, 5. apríl

Óli Björn Sigurðsson, Árbúum, 25. apríl

Sigríður Hálfðánardóttir, Árbúum, 25. apríl

Þróstur Ríkarðsson, Árbúum, 25. apríl

Þjónustumerkið, gyllta liljan og smárinn:

Björg Sigmundsdóttir, Kópum, 5. apríl

Þjónustumerkið, silfraða liljan og smárinn:

Helgi Valdimar Viðarsson Biering, Heiðabúum, 19. febrúar

Sigurbjörg Jónsdóttir, Heiðabúum, 19. febrúar

2.6 Helstu viðburðir sem BÍS kom að árið 2019

Janúar

- 11. - 13. Neisti
- 19. - 20. Gilwell 5. skref

Febrúar

- 3. Félagsforingjafundur
- 9. - 10. Gilwell 1. og 2. skref
- 15. - 17. Ungmennaping
- 15. - 22. Vetrarárskorun Crean
- 23. Dróttskátadagur

Mars

- 9. Drekkaskátadagurinn
- 23. - 24. Skyndihjálparnámskeið
- 30. Gilwell 4. skref

Apríl

- 5. - 6. Skátaping
- 7. Námskeið fyrir félagsstjórnir
- 7. Samráðsfundur stjórnar og ráða BÍS

Máí

- 24.- 26. Skátapepp dróttskáta

Júní

- 1. - 2. Drekkaskátamót á Úlfjótstvatni
- 1. - 2. Skyndihjálparnámskeið
- 3. - 5. Námskeið fyrir sumarstarfsfólk

Júlí

- 21. - 6. ágúst World Scout Jamboree, USA

Ágúst

- 23.-25. Námskeið fyrir prennupjálfa
- 24. Gleðigangan
- 24.-28. Evrópuþing skáta
- 30. - 1. sept. SumarGilwell 1. og 2. skref

September

21. Forsetamerkisafhending
22. 60 ára afmæli Gilwell skólans á Íslandi
27. Ráðabrigg – Málþing um ungmennaráð, í samstarfi við Reykjavíkurráð ungmenna
27. - 29. Skátapepp
29. Félagsforingjafundur

Október

2. Mannlegt friðarmerki – í samstarfi við Samhljóm menningarheima
11. - 13. Leiðbeinendanámskeið
18. - 20. JOTI - JOTA
18. - 20. Saman, drótt-og rekkaskátahelgi í samstarfi við Landsbjörgu

Nóvember

2. Fálkaskátadagur
9. Gilwell 4. skref
10. Stefnumótunarfundur BÍS

Desember

6. - 8. Flokkahelgi dróttskáta á Úlfjótavatni



Sumarnámskeið 2019

Yfirlit yfir fjölda sumarnámskeiða og þátttakenda, skipt eftir skátafélögum. Margir sóttu fleiri en eitt námskeið og því eru námskeiðsvikur taldar sér og einstaklingar sem sóttu þau taldir sér.

Skátafélagið Árbúar (Árbær):

191 námskeiðsvika sótt af 161 einstaklingi

Skátafélagið Garðbúar (Bústaðahverfi):

196 námskeiðsvikur sóttar af 160 einstaklingum

Skátafélagið Hamar (Grafarvogur og Grafarholt):

120 námskeiðsvikur sóttar af 83 einstaklingum

Skátafélagið Heiðabúar (Reykjanesbær):

158 námskeiðsvikur sóttar af 129 einstaklingum

Skátafélagið Hraunbúar (Hafnarfjörður):

73 námskeiðsvikur sóttar af 72 einstaklingum

Skátafélagið Kópar (Kópavogur):

341 námskeiðsvika sótt af 299 einstaklingum

Skátafélagið Landnemar (Hlíðar):

83 námskeiðsvikur sóttar af 68 einstaklingum

Skátafélagið Mosverjar (Mosfellsbær):

207 námskeiðsvikur sóttar af 153 einstaklingum

Skátafélagið Skjöldungar (Laugardalur):

143 námskeiðsvikur sóttar af 116 einstaklingum

Skátafélagið Svanir (Álftanes):

98 námskeiðsvikur sóttar af 60 einstaklingum

Skátafélagið Vífill (Garðabær):

385 námskeiðsvikur sóttar af 289 einstaklingum

Nákvæm tölfræði frá sumarnámskeiðum skáta í Hveragerði liggur ekki fyrir.

Samtals á landsvísu án Hveragerðis:

1930 námskeiðsvikur sótt af 1558 einstaklingum

2.7 Fjöldi skáta í skátastarfi

Skráningar	Dreka-skátar	Fálka-skátar	Drótt-skátar	Rekka-skátar	Róver-skátar *1	26 ára og eldri	Alls yngri en 26 ára	Fjöldi skáta og sjálfboðaliða
Heildarfjöldi 2017-18	390	463	271	104	117	272	1345	1617
Heildarfjöldi 2018-19	411	513	268	110	103	325	1405	1730
Mismunur milli ára	21	50	-3	6	-14	53	60	113
Breyting milli ára	5,38%	10,80%	-1,11%	5,77%	-11,97%	19,49%	4,46%	6,99%

*1 Erindrekar telja að fjöldi róverskáta sé ekki réttur og sé hærri en skráningar segja til um.

3 KJARNASTARFSEMI BÍS



Starfsemi BÍS skiptist í sjö megin svið sem hafa hvert sitt fastaráð undir forystu stjórnarmanns BÍS. Dagskráráð, Félagaráð og Fræðsluráð hafa tekið höndum saman undir formerkjum „Starfsráðs“ þar sem þau vinna sameiginlega að þeim málum sem skarast þvert á ráðin. Verður nú gerð grein fyrir helstu verkefnum hvers sviðs fyrir sig.

3.1 Erindrekar BÍS

Árið 2019 var annasamt í erindrekstri BÍS.

Í stuðningi við félagsstarf fóru erindrekar til Akureyrar og héldu þar námskeið fyrir foringja félagsins. Erindrekar hittu einnig foringja í Hamri og Skjöldungum eina kvöldstund og héldu námskeið um afmörkuð efni. Erindrekar tóku þátt í undirbúningi og framkvæmd Neista. Í fjölda annarra félaga var einstaka foringjum veitt ráðgjöf og handleiðsla um félagsleg mál, dagskrármál og skipulagsmál. Erindrekar aðstoðuðu við skipulag útilífsskóla Ægisbúa sem var settur aftur á fót sumarið 2019. Erindrekar fóru í tvær vettvangsferðir til Stíganda í Búðardal með dagskrá fyrir starfandi skáta þar ásamt vettvangsferð þar sem aðstoðað var við gerð starfsáætlunar. Í hringferð um landið fóru erindrekar á Sauðárkrók og Akureyri og hittu þar fyrir foringja og foreldra skátafélaganna ásamt því að koma við á Djúpavogi og freista þess að koma á fót skátastarfi þar. Erindrekar fóru einnig á foreldrafundi hjá Strók, Skf. Akraness og Svönunum.

Í stuðningi við stjórnir skátafélaga kynntu erindrekar tillögur um skipulag félagsgjalda á félagsforingjafundi í febrúar. Unnið var samskiptum við sveitarfélög skátafélaganna á Akranesi og Ísafirði og settist erindreki í bráðabirgðarstjórn síðarnefnds félags. Erindrekar tóku á móti fimm trúnaðarmálum frá ólíkum skátafélögum og aðstoðuðu við faglega og farsæla úrlausn þeirra samkvæmt reglugerðum og viðbragðsáætlun BÍS og ÆV. Erindrekar tóku saman félagatölfræði allra skátafélaga starfsárið 2018-19 og höfðu

samband við þau félög sem þeim sýndist vera glufur hjá í skráningarmálum sem þörfuðust úrlausnar.

Í samstarfi við önnur samtök og stofnanir skipulögðu erindrekar og framkvæmdu Ráðabrigg, málþing um ungmennaráð í samstarfi við SFS og með 2.1 milljón króna styrk frá Erasmus+ þar sem yfir 150 aðilar tóku þátt. Skátarnir vöktu athygli á sér sem valdeflandi vettvangur fyrir ungmenni ásamt því að öðlast góð tengsl við líklega samstarfsaðila. Í samstarfi við Almannaheill kynntu erindrekar hvernig skátarnir ynnu með heimsmarkmiðin og vakti kynningin m.a. athygli skrifstofustjóra forsætisráðuneytis og ungmennaráðs heimsmarkmiða sem starfar undir sama ráðuneyti. Erindrekar unnu með Rauða krossinum að því samfélagsverkefni að undirbúa íbúðir fyrir kvótaflóttafólk sem fjölmargir skátar tóku þátt í og nutu aðstoðar við vinnu að innleiðingu „In the shoes of the migrant“ dagskrárinnar. Erindrekar komu að skipulagi Evrópuvikkunnar gegn kynþáttamisrétti með Mannréttindaskrifstofu Íslands og tóku nokkrar sveitir fálkaskáta á landsvísu þátt í henni. Erindrekar komu líka að degi Sameinuðu þjóðanna gegn ofbeldi þar sem skátar ásamt öðrum mynduðu mannlegt friðarmerki og formaður ungmennaráðs hélt hugvekkju. Erindrekar aðstoðuðu Umboðsmann barna að finna sjálfbæðaliða fyrir Barnaþing og tóku þátt í þinginu sem gestir og ráðgjafar barnanna um stefnumótun. Erindreki sat í fagráði Æskulýðsvettvangsins (ÆV) um umbætur á siðareglum og viðbragðsáætlun ÆV sem tekin verður fyrir á næsta aðalfundi ÆV. Einnig situr erindreki fyrir hönd ÆV í æskulýðsráði Mennta- og menningarmálaráðuneytis.



Í stuðningi við stjórn, ráð og vinnuhópa BÍS komu erindrekar að ýmsum efnum. Erindreki hefur verið starfsmaður stýrihóps BÍS um heimsmarkmiðin frá stofnun árið 2019. Erindreki aðstoðaði vinnuhóp um fyrsta fasa innleiðingar „In the shoes of the migrant“ dagskrárinnar. Erindreki sótti námskeið um félagaþrennu með tilvonandi þjálfum BÍS og stjórnendum verkefnisins. Með formanni upplýsingaráðs komu erindrekar á fót ritstjórn BÍS sem hefur staðið í ströngu síðan í júlímánuði að betrubæta heimasíðu skátanna, samfélagsmiðla skátanna, margmiðlunarmál, upplýsingagjöf gagnvart sveitarforingjum ásamt fleiri verkefnum. Erindrekar funduðu reglulega yfir árið með félagaráði og lögðu sig fram við að liðsinna því með sín verkefni. Erindrekar höfðu samband við ábyrgðaraðila verkefna sem styrkt voru gegnum „10 nýjar leiðir í skátastarfi“ og söfnuðu saman skýrslum þeirra verkefna. Erindrekar gerðu tillögur um breytingar á ramma forsetamerkisins í samstarfi við dagskráráð og hittu ýmsa rekkaskáta og foringja þeirra til að liðsinna þeim í að hefja vegferð sína. Unnið var með ungmennaráði bæði að ungmennapingi og Ráðabruggi. Í samvinnu við alþjóðaráð var settur á fót vinnuhópur til að undirbúa þýðingu á dagskrá vegna „World Thinking Day 2020“.

Erindrekar sinntu einnig ýmsum öðrum tilfallandi verkefnum í samstarfi við ýmsa sjálfbóðaliða, skátahópa, samstarfsfólk sitt og jafnvel þátttakendur í skátastarfi.

3.2 Félagaprennan

Skipting á stjórnunarhlutverkum skátafélaga

Á skátapingi 2018 var félagaprennan kynnt fyrir skátafélögunum. Finnsska skátahreyfingin hefur þróað stjórnunina þannig að í hverju skátafélagi eru þrír aðilar sem mynda innsta kjarna stjórnar og eru öll hlutverkin jafngild og hafa jafn mikið vægi í stjórnun skátafélaga. Þessir þrír aðilar eru: félagsforingji, dagskrárforingji og sjálfbóðaliðaforingji. Verklýsingar liggja nú fyrir og nýtast við prufukeyrslu félagaprennunnar. Félagaprennan gerir ráð fyrir að allir hlutaðeigandi fái stuðning í starfi sínu. Því var haldið námskeið í ágúst fyrir svokallaða þrennuþjálfu sem sjá um persónulegan stuðning við þá sem skipa þessar stöður í félögunum. Nokkur skátafélög á Íslandi hafa nú þegar innleitt félagaprennuna og er það von stjórnar að sem flest félög nýti sér þessa skiptingu á stjórnun skátafélaga.

3.3 Alþjóðamál

Alþjóðastarf skáta er fleira en ferðalög, t.d. geta samskipti skáta og skátahópa í gegnum netið verið mjög skemmtilegur kostur. Þess háttar samskipti geta síðan þróast í verkefni þar sem hóparnir hittast og fá til þess styrki, t.d. frá Erasmus+ en langflestir erlendir viðburðir sem BÍS tekur þátt í eru einmitt styrktir af Erasmus+.

Alþjóðaráð sinnir einkum samskiptum BÍS við erlend skátabandalög og samtök, erlenda skáta sem óska eftir upplýsingum um íslenskt skátastarf og ekki síst eru íslenskum skátum veittar upplýsingar um erlent skátastarf og erlend tilboð svo sem skátamót og námskeið. Þá eru einnig skipulagðir fjölþjóðlegir viðburðir hér á landi. Fjöldmörg erindi berast íslenskum skátum á hverju ári sem ráðið vinnur úr.



3.3.1 Samstarfsnefnd norrænu skátabandalaganna
Nefndin heldur fund a.m.k. einu sinni á ári, venjulega fyrstu helgina í september. Nefndin vinnur úr samþykktum Norræna skátapingsins og fylgist með framkvæmd þeirra samstarfsverkefna sem þar eru ákveðin. Fulltrúi BÍS í samstarfsnefndinni árið 2019 var **Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir**. Formennska og skrifstofuhald norrænu samstarfsnefndarinnar er hjá Noregi. Sjá nánar á heimasíðu nefndarinnar www.speidereinorden.org.

3.3.2 Starfsnefndir og sjálfbóðaliðar á vegum Evrópustjórna WAGGGS og WOSM

Hulda Sólrún Guðmundsdóttir hefur setið í Evrópustjórn WOSM undanfarin sex ár, síðustu tvö árin sem varaformaður. Lauk hún stjórnarsetu sinni á Evrópupingi skáta sem haldið var í Króatíu í ágúst sl. **Jón Ingvar Bragason** situr í Partnership vinnuhóp WOSM. **Daði Björnsson** situr í External Relations vinnuhóp WAGGGS. **Aron Gauti Sigurðarson** situr í alþjóða vinnuhóp WOSM um „Scouts For Gender Equality“ þar sem unnið er með heimsmarkmið nr. 5 um jafnrétti kynjanna og verkfæri því tengdu, m.a. HeForShe. **Sunna Líf Þórarinsdóttir** er árs sjálfbóðaliði hjá WOSM með aðsetur í Brussel, Belgíu. Helstu verkefni Sunnu Lífar eru viðburðastjórnun og vörustjórnun ásamt greinaskrifum og upplýsingamiðlun. **Berglind Lilja Björnsdóttir** stýrir vinnuhópi WOSM „Events' Impact Assessment“ sem vinnur að því að greina hvaða áhrif WOSM European Region viðburðir hafa á skátabandalögin í Evrópu. **Bragi Björnsson** situr í Constitutional Committee WOSM World.

3.3.3 Upplýsingamiðlun

Upplýsingamiðlun frá Evrópu- og heimsskrifstofunum er mjög aðgengileg á heimasíðum og Facebooksíðum skrifstofanna, sjá nánar www.scout.org, www.euroscoutinfo.com, www.wagggs.org, www.europe.wagggs.org og www.europak-online.net. Einnig eru margvíslegar upplýsingar um alþjóðlegt skátastarf á heimasíðu BÍS, www.skatarnir.is Alþjóðaráð hefur haldið úti Facebook hópnum **Tækifæri í Alþjóðastarfi**.

3.3.4 Evrópuping WAGGGS og WOSM

Evróuping heimsbandalaganna WAGGGS og WOSM voru haldin í Split Króatíu 24. – 28. ágúst. Helstu mál pingsins voru starfsáætlun til næstu þriggja ára, kosningar í stjórnir og almenn umræða um skátastarf í Evrópu. Þing þessi eru haldin á þriggja ára fresti, næst verða þingin haldin árið 2022. Fulltrúar Íslands á þingunum voru: **Berglind Lilja Björnsdóttir**, **Dagmar Ýr Ólafsdóttir**, **Marta Magnúsdóttir** og **Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir**.

3.3.5 Heimsping WAGGGS og WOSM

Heimsping heimsbandalaganna WAGGGS og WOSM eru haldin á þriggja ára fresti, næst verða þau haldin árið 2020 í Úganda og Egyptalandi.



3.3.6 Ungmennafélag WOSM

Ungmennafélag WOSM eru haldin á þriggja ára fresti, verður næst haldið árið 2020 í Egyptalandi.

3.3.7 Erlendir fundir, námskeið og ráðstefnur sem fulltrúar BÍS sóttu á árinu 2019

- **External Reps** – Belgíu í janúar. [Daði Björnsson](#) og [Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir](#).
- **IC Forum** – Serbíu í febrúar. [Marta Magnúsdóttir](#).
- **My Europe My Say** – Austurríki í febrúar. [Ásgerður Magnúsdóttir](#), [Hildur Bragadóttir](#), [Hrafkell Úlfur Ragnarsson](#), [Sigríður Erla Ragnarsdóttir](#) og [Sunna Líf Þórarinsdóttir](#).
- **Framkvæmdastjórnfundur Norðurlandanna** – Finnlandi í apríl. [Kristinn Ólafsson](#).
- **Agora** – Slóvakíu í apríl. [Aron Gauti Sigurðarson](#), [Erla Sóley Skúladóttir](#) og [Ingunn Anna Finnbjörnsdóttir](#).
- **RoverNet – VentureNet** – Króatíu í apríl. [Ásgerður Magnúsdóttir](#) og [Kolbrún Ósk Pétursdóttir](#).
- **European Seminar on Growth in Scouting 2019** – Frakklandi í maí. [Eva María Sigurbjörnsdóttir](#) og [Sigurgeir B Þórisson](#).
- **World Scout Jamboree fararstjórnfundur** – Bandaríkjunum í apríl. [Ásgeir R. Guðjónsson](#), [Dagbjört Brynjarsdóttir](#), [Guðjón Rúnarsson](#), [Guðmundur Sigurðsson](#) og [Jóhanna Björg Másdóttir](#).
- **Movis** – Eistlandi í maí. [Sigríður Ágústsdóttir](#) og [Björk Norðdahl](#).
- **Nordic Leadership Training** – Svíþjóð í maí. [Berglind Lilja Björnsdóttir](#), [Sædis Ósk Helgadóttir](#) og [Tryggvi Bragason](#).
- **NSK fundur** – Danmörku í júní. [Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir](#).
- **The 16th European Guide and Scout Conference** – Króatíu í ágúst. [Berglind Lilja Björnsdóttir](#), [Dagmar Ýr Ólafsdóttir](#), [Marta Magnúsdóttir](#) og [Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir](#).
- **Tengslaráðstefna Erasmus+** – Þýskalandi í október. [Helga Þórey Júlíusdóttir](#) og [Thelma Rún van Erven](#).
- **Námskeið um styrkjaumsóknir Erasmus+** – Englandi í október. [Sigríður Ágústsdóttir](#).
- **Centre Managers Conference** – Írlandi í október. [Jakob Guðnason](#) og [Rakel Ýr Sigurðardóttir](#).
- **The Academy 2019** – Slóveníu í nóvember. [Guðmundur Örn Sverrisson](#) og [Kolbrún Ósk Pétursdóttir](#).
- **Juliette Low Seminar** – Póllandi í nóvember. [Erika Eik Bjarkadóttir](#).
- **NSK fundur** – Færeyjum í september. [Þórey Lovísa Sigurmundsdóttir](#).
- **Diversity and Inclusion Network meeting 2019** – Noregi í nóvember. [Þórhildur Elínard. Magnúsdóttir](#).
- **World Non-Formal Education Forum** – Brasilíu í desember. [Sigríður Ágústsdóttir](#).

3.3.8 Skátamót og heimsóknir

Á hverju ári berast BÍS boð frá fjölmörgum löndum um þátttöku í skátamótum. Upplýsingar um mótin eru tekin saman í

lista sem er birtur á heimasíðunni www.skatarnir.is. Íslenskir skátar sem hafa áhuga á að sækja skátamót erlendis geta fengið aðstoð og ráðgjöf sé þess óskað. Þau ár sem Landsmót skáta eru haldin stendur BÍS að jafnaði ekki fyrir stórum ferðum á erlend skátamót.

World Scout Jamboree

Rúmlega 170 skátar tóku þátt í heimsmóti skáta sem haldið var í Bandaríkjunum dagana 22. júlí – 2. ágúst. Fararstjórn skipuðu: [Ásgeir R. Guðjónsson](#) og [Jóhanna Björg Másdóttir](#) aðalfararstjórnar, [Dagbjört Brynjarsdóttir](#), [Guðjón R. Sveinsson](#), [Guðmundur Sigurðsson](#), [Ingimar Eydal](#) og [Ólóf Jónasdóttir](#). [Rakel Ýr Sigurðardóttir](#) var starfsmaður í fararstjórn. Sjá skýrslu ferðarinnar.

Crean leiðangur – Vetraráskorun dróttskáta

Viðburður sem haldinn er í samstarfi við Scouting Ireland. Þátttaka er takmörkuð við 15 íslenska dróttskáta og sama fjölda írskra skáta. Markmiðið er að kynna skátana fyrir þeirri áskorun sem felst í ferðamennsku að vetri til á Íslandi og samvinnu ungmenna frá ólíkum þjóðum. [Finnbogi Jónasson](#) og [Silja Þorsteinsdóttir](#) hafa séð um skipulag og framkvæmd viðburðarins.

Ýmis skátamót

Íslenskir skátahópar fara víða á skátamót, m.a. fór hópur úr nokkrum skátafélögum í júní á Gilwell 24 í Englandi. Þá fór hópur úr nokkrum skátafélögum í júlí á Chamwood skátamótið í Englandi.

JOTA/JOTI

JOTA er alþjóðlegt skátamót á öldum ljós-vakans þar sem radióskátar skiptast á skeytum við félagana sína um allan heim með hjálp loftskreytataekja. JOTI er alþjóðlegt skátamót þar sem samskipti milli skáta fara fram með hjálp tölvutækninnar. Mótin eru haldin þriðju helgina í október á hverju ári.



3.3.9 Erlendar skátamiðstöðvar

Fjölmargar skátamiðstöðvar eru starfandi í heiminum, bæði á vegum WAGGGS og WOSM en einnig á vegum erlendra skátabandalaga. Íslenskir skátar hafa unnið sem sjálfboðaliðar víða, m.a. starfaði [Hulda María Valgeirsdóttir](#) í alþjóðlegu skátamiðstöðinni Kandersteg í Sviss.

3.3.10 Alþjóðlegir viðburðir á næstunni

- **European Jamboree**, Póllandi 2020
- **37th WAGGGS World Conference**, Uganda 2020
- **14th World Scout Youth Forum**, Egyptalandi 2020
- **42nd World Scout Conference**, Egyptalandi 2020
- **World Scout Moot**, Írlandi 2021
- **Euro-Mini-Jam**, Gíbraltar 2021

Nánar á www.scout.org og www.wagggs.org og www.skatarnir.is

3.4 Dagskrármál

Áfram var unnið að endurskoðun á dagskrárviðburðum og þróun þeirra á árinu með það að leiðarljósi að tengja viðburði enn betur við skátaaðferðina og þarfir skátanna



auk þess sem rýnt var í uppbyggingu dagskrárvefsins og þarfir sveitarfóringja á stuðningsefni fyrir dagskrá. Stefnan í dagskrármálum er sem fyrr að styrkja almennt skátastarf með því að tengja viðburði enn betur við skáttaaðferðina. Lögð er áhersla á að bjóða upp á góðan stuðning við skátastarfið almennt og að leiðtogaþæfni hins almenna skáta eflist í hefðbundnu starfi.

3.4.1 Viðburðir

Á árinu tóku ríflega 1.300 skátar þátt í viðburðum sem BÍS kom að, sjá yfirlit í kafla 2.6.

Drekaskátadagur

Skátafélagið Hraunbúar sá um skipulagningu og framkvæmd á Drekaskátadeginum sem haldinn var við Skátalund við Hvaleyrarvatn 9. mars. Tæplega 90 skátar og fóringjar tóku þátt í deginum sem heppnaðist mjög vel.

Fálkaskátadagur

Skátafélagið Ægisbúar sáu um að skipuleggja og framkvæma Fálkaskátadaginn sem var haldinn 2. nóvember.

3.4.2 Forsetamerkið

Skipulagi við forsetamerkið hefur verið breytt og hér eftir verður merkið eingöngu veitt þeim sem hefja vinnu fyrir Forsetamerkið sem rekkaskátar. Forsetamerkishandbók hefur verið gefin út og alla jafna er miðað við að það taki skátana tvö ár að ljúka við verkefnið til að öðlast forsetamerkið. Forseti Íslands [hr. Guðni Th. Jóhannesson](#) veitti tólf skátum merkið



að þessu sinni við hátíðlega athöfn að Bessastöðum þann 21. september þar sem [Björn J Gunnarsson](#) hélt ávarp og Skátakórinn söng.

Forsetamerkishafar 2019:

[Katrín Kjartansdóttir](#), Árbúum
[Ástrós Eva Guðnadóttir](#), Eilífsbúum
[Sandra Óskarsdóttir](#), Heiðabúum
[Agnes Sara Ingólfssdóttir](#), Klakki
[Darri Freyr Þrastarson](#), Kópum
[Þórhildur Elínard. Magnúsdóttir](#), Kópum
[Hildur Bragadóttir](#), Kópum og Segli
[Agnes Lóa Gunnarsdóttir](#), Segli
[Brynhildur Íris Bragadóttir](#), Segli
[Sandra Björk Bragadóttir](#), Segli
[Ásgerður Magnúsdóttir](#), Kópum og Svönum
[Jóhanna María Bjarnadóttir](#), Svönum og Víflí

3.4.3 Landsmót skáta

Á Skátapiingi 2017 var samþykkt að næsta Landsmót skáta yrði haldið árið 2020. Landsmót skáta var síðast haldið sumarið 2016 á Úlfjótssvatni en verður nú haldið 8. – 14. júlí 2020 að Hömrum á Akureyri. Mótsstjórn hefur tekið til starfa og gengur undirbúningur vel. Þema landsmótsins er **Heimsmarkmiðin – Byggjum betri heim.**

3.4.4 Drekaskátamót

Drekaskátamót var haldið á Úlfjótssvatni í byrjun júní. Á mótið mættu um 170 þátttakendur og 60 fóringjar sem sáu um að aðstoða skáta og halda utan um dagskrá.

3.5 Fjármál

3.5.1 Fjárhagsstaðan

Lítilsháttar tap varð á rekstri BÍS á árinu. Skátahreyfingin nýtur enn góðrar afkomu dótturfélaga frá 2017 og er verið að fjárfesta í auknum mæli í skátastarfi. Stjórn BÍS hefur lagt áherslu á dagskrár- og þjálfunarmál og er hreyfingin vel í stakk búin að leggja aukna fjármuni í þessa liði í framtíðinni. Skátamót hafa fjármagnað tvær stöður erindreka og verður ekki breyting þar á a.m.k. næsta árið.

3.5.2 Dótturfélög

Afkoma **Grænna skáta ehf.** var ánægjuleg á árinu. Tekjuaukning var nokkur og vonandi verður framhald þar á. Vel hefur tekist að halda kostnaði á áætlun. Aukning hefur verið í fjölda eininga sem skila sér bæði í móttökustöðinni í Hraunbæ og í söfnunargáma. Nýrri þjónusta hefur verið vel tekið en það er þjónusta við fyrirtæki og húsfélög.

Rekstur **Skátamóta ehf.** var öllu einfaldari en síðasta ár og í samræmi við áætlanir. Helstu verkefni ársins voru ferð á Jamboree í Bandaríkjunum og drekaskátamót á Úlfjótavatni í júlí. Erindrekar BÍS eru á launaskrá hjá Skátamótum enda fjárhagsstaða félagsins afar traust eftir góða rekstrarniðurstöðu World Scout Moot 2017.

Rekstur **Skátabúðarinnar ehf.** gekk vel. Áframhald var á góðu gengi jólatrjáasölnunar en þar hefur aldrei verið boðið upp á meira úrval af jólatrjám. Rekstur Tjaldaleigunnar var í takti við væntingar og samningur við Skátaland um rekstur Tjaldaleigunnar þetta sumarið gaf góða raun. Viðræður hafa verið í gangi um kaup Skátalands á rekstri Tjaldaleigunnar.



3.5.3 Styrkir og fjáraflanir

Stuðningur ríkisvaldsins við rekstur landshreyfingar skáta er sérlega mikilvægur og hefur stjórn BÍS því lagt á það þunga áherslu að ríkisvaldið standi veglega við bakið á skátahreyfingunni og í samræmi við aðrar æskulýðshreyfingar. Ávallt er send inn greinargerð og styrkumsókn á tilskyldum tíma. Þessu er síðan fylgt eftir með ýmsum hætti. Okkur ber að standa vörð um þennan stuðning og tryggja að hreyfingin haldi þessum styrkjum og fái hækkanir í takt við verðlagsþróun. Dótturfélög BÍS hafa skilað hreyfingunni góðu framlagi undanfarið og kostnaðarþátttaka þeirra er mikil. Án dótturfélaganna væri rekstrarkostnaður BÍS umtalsvert hærri og óhagkvæmari. Á síðasta ári eignaðist BÍS íbúð á Seltjarnarnesi sem hjónin **Berent Th. Sveinsson** og **Laufey Guðbrandsdóttir**, sem nú eru bæði látnir, arfleiddu skátana að. Íbúðin var seld á árinu og verður söluandvirðið lagt í sérstakan sjóð og er honum ætlað að styrkja foringjamenntun skáta. Skátahreyfingin er þeim hjónum afar þakklát fyrir þessa höfðinglegu gjöf.

3.5.4 Styrktarsjóður skáta

Nokkrir styrkir voru veittir í tengslum við undirbúning Jamboree í Bandaríkjunum. Meðal annars hittust Jamboree skátasveitir á Akureyri og í Vestmannaeyjum. Ferðastyrkur var veittur vegna Landsmóts dróttskáta og nokkrir ferðastyrkir voru veittir tengdir Fræðasetri skáta vegna ferðar á ráðstefnu í Osló. Þá styrkti sjóðurinn gerð fána apps.

3.5.5 Minningarkort

Minningarkort hafa verið til sölu í Skátamiðstöðinni í mörg ár. Hægt er að panta minningarkort með því að hringja í Skátamiðstöðina, starfsmaður gengur síðan frá minningarkortum og sendir. Sendandi greiðir valfrjálsa upphæð í Styrktarsjóð skáta. Lítið hefur verið um minningarkort í ár, í staðinn hafa skátaskeytin verið notuð í sama tilgangi.



3.5.6 Skátaskeyti

BÍS gefur út þrjár gerðir af skátaskeytum sem skátafélögin geta nýtt sér í fjáraflanir. Einstaklingar geta nú einnig pantað skeyti á vefsíðu Skátabúðarinnar og sent heillaóskir eða samúðarskeyti til vina og fjölskyldu. Einnig er hægt að hringja og panta eða senda tölvupóst. Allur ágóði af sölu skátaskeyta rennur í Styrktarsjóð skáta.

3.6 Fræðslumál

Sérstakur fræðslusjóður hefur verið stofnaður vegna arfs þeirra hjóna [Berents Th. Sveinssonar](#) og [Laufeyjar Guðbrandsdóttur](#). Ráðist hefur verið í það verkefni að byggja upp samfellda þjálfunarbraut með skilgreindri námskrá í Skátaskólanum. Þar verður áhersla lögð á fjölbreytta og skátalega nálgun í bland við faglega umfjöllun. Stefnt er að formlegu samstarfi við framhaldsskóla svo skátar geti fengið námið metið til framhaldsskólaeininga. [Sigríður Ágústsdóttir](#) skrifstofustjóri BÍS var fengin til að stýra verkefninu og stefnt er að því að fyrir liggi heildar námskrá Skátaskólans árið 2020.

3.6.1 Fræðsla og þjálfun

Skátaskólinn

Ákveðið var að leggja áherslu á fræðslumál og setja upp samfellda þjálfunarbraut með skilgreindri námskrá þar sem áhersla væri á fjölbreytta og skátalega nálgun í bland við faglega umfjöllun. Námskrá þar sem tiltekin þjálfunarbemu gangi í gegnum námskeiðin en farið dýpra (spíral) í málefnið eftir því sem aldur og þroski leyfa. Stefnt yrði að því að bjóða upp á föst námskeið sem hægt er að ganga að, t.d. í haustfríum og fyrir páska. Einnig væri æskilegt að vera í samstarfi við framhaldsskóla því það gæfi skátum möguleika á að fá metnar einingar fyrir námskeiðin. Æskilegt væri að vera í samstarfi við önnur félagasamtök þar sem það myndi tryggja nægan þátttakendafjölda á einstök námskeið. [Sigríður Ágústsdóttir](#) skrifstofustjóri BÍS fór í það ársverkefni að þróa Skátaskólann.

Ýmis námskeið og fræðsla

Boðið var upp á ýmis námskeið og kynningarkvöld sem gagnast skátafélögum beint inn í starfið og styðja þau í að vinna að markmiðum skátahreyfingarinnar. Námskeiðin voru ætluð 13 ára og eldri, starfandi skátum, foringjum, stjórnnum, baklandi og öðrum áhugasömum tengdum félögum.

Skátapepp

Skátapepp er ögrandi og skemmtilegur viðburður með það að markmiði að efla 13-15 ára dróttskáta í að vinna sjálfstætt að sínu eigin starfi og efla þau sem leiðtoga. Farið var í hluti eins og kvöldvökustjórnun, stjórnuskoðun, hvernig á að umgangast hnifa og axir, farið yfir hnúta og súrtingar, heimsmarkmiðin tekin fyrir og hvernig á að umgangast eld.

Viðburður	Þátttaka	Dags.
Skátapepp	40	24. - 26.9.2019
Skátapepp	57	27. - 29.9.2019



Flokkahelgi dróttskáta á Úlfjótssvatni

Flokkahelgi dróttskáta (13-15 ára) snýr að því að fá flokka allsstaðar að á Íslandi til að koma saman, móta sína eigin dagskrá og styrkja tengslanet sitt við aðra skáta á sínum aldri.

Viðburður	Þátttaka	Dags.
Flokkahelgi dróttskáta á Úlfjótssvatni	20	6. - 8.12.2019

Neisti

Sveitarforingjanámskeið þar sem hver og einn fær tækifæri til að velja sína dagskrá. Markmiðið með námskeiðinu er að auka færni á ýmsum sviðum skátastarfsins og efla foringja í sínu starfi. Smíðurnar á námskeiðinu voru valdar út frá óskum sveitarforingja haustið 2018 og er þeim meðal annars ætlað að dýpka þekkingu og færni í dagskrá tengda færnimerkjum, auka sjálfstraust í að stýra stórum hópum, fara í ferðir með sveitina sína, kveikja á skátagaldrinum og ævintýri í starfinu og margt fleira. Leiðbeinendur komu víðsvegar að úr íslensku samfélagi sem og erlendis frá.

Viðburður	Þátttaka	Dags.
Neisti	95	11. - 13.01.2019

SAMAN

SAMAN er samstarfsverkefni Slysavarnafélagsins Landsbjargar og skátanna. Farið var inn í Þórsmörk þar sem skátar og ungmenni á aldrinum 15-18 ára spreyttu sig á ýmsum verkefnum. Sem dæmi má nefna þverun straumvatna, sig, kvöldvaka og skátaleikar.

Viðburður	Þátttaka	Dags.
Saman	18	18. - 20.10.2019

Vetraráskorun Crean

Tveggja vikna útivistarævintýri og áskorun fyrir ungt fólk á aldrinum 14-15 ára. Verkefnið er samstarfsverkefni BÍS og Scouting Ireland. Markmið verkefnisins er að þátttakendur verði færir um að bjarga sér í vetrarferðum á fjöllum. Þeir læra undirstöðuatriði fjallaferða og vetrarferðamennsku. Meðal annars skyndihjálpi á fjöllum, vetrarferðamennsku, rötun og kortalestur, GPS, næringarfræði ferðamannsins, skálahegðun og ferðareglur í hópferðum, veðurfræði á fjöllum og ýmislegt annað sem talið er skipta máli.

Viðburður	Þátttaka	Dags.
Vetraráskorun Crean	11	15. - 22.02.2019

Skyndihjálparnámskeið

Rauði krossinn hélt 12 klst skyndihjálparnámskeið fyrir stjórnendur sumarnámskeiða skátanna þar sem rekka-skátum (16-18 ára) og öðrum eldri skátum, sjálfbóðaliðum og starfsmönnum skátafélaganna var einnig boðið að koma. Námskeiðið er metið til eininga í mörgum framhaldsskólum og skátarnir setja skilyrði að útskriftarefni Gilwell leiðtogaþjálfunar og væntanlegir forsetamerkishafar rekkaskáta taki þetta námskeið.

Viðburður	Þátttaka	Dags.
Skyndihjálparnámskeið	18	23. - 24.03.2019
Skyndihjálparnámskeið	9	01. - 02.06.2019

**Hinseginfræðsla – Samtökin 78**

BÍS bauð sjálfbóðaliðum 16 ára og eldri ókeypis Hinseginfræðslu frá Samtökunum 78. Farið var yfir helstu hugtökin sem tengjast hinsegin heiminum og hvers vegna það er gott að þekkja þau í starfi með ungu fólki. Hinsegin ungmenni geta staðið höllum fæti og því er nauðsynlegt að vera meðvitaður um málefni þeirra í hvers kyns æskulýðsstarfi.

Viðburður	Þátttaka	Dags.
Hinseginfræðsla - Samtökin 78	10	21.2.2019

Ungmennaping

Ungmennaping er fyrir skáta á aldrinum 16-25 ár þar sem hist er yfir eina helgi, rýnt í skátastarfið, skátarnir skipuleggja saman starfsáætlun sína fyrir næsta ár og skoða fyrirkomulag skátaþings. Í skátastarfi er mikilvægt að rödd unga fólksins fái að heyrast og er Ungmennaping staður þar sem allir fá tækifæri til að deila sínum skoðunum og hugmyndum sem eru svo teknar saman og settar fram á Skátaþingi.

Viðburður	Þátttaka	Dags.
Ungmennaping	49	15. - 17.2.2019

Félagsstjórnarnámskeið

Félagsstjórnarnámskeið er fyrir skáta sem sitja í stjórnum skátafélaga. Farið var yfir ábyrgð og skyldur stjórnarmanna, hlutverk og verkefni, uppbygging og innra starf félagsins, tengslin og stuðningur frá BÍS sem og samskipti við sveitarfélög/samfélög.

Viðburður	Þátttaka	Dags.
Félagsstjórnarnámskeið	7	7.4.2019

Leiðbeinendanámskeið BÍS

Námskeið fyrir áhugasama einstaklinga um að gerast leiðbeinendur fyrir BÍS. Farið var yfir forystuhæfileika með áherslu á hvernig á að stýra og leiðbeina á námskeiðum eða viðburðum.

Viðburður	Þátttaka	Dags.
Leiðbeinendanámskeið BÍS	7	11. - 13.10.2019

Útílfsskóli skáta

Námskeið fyrir stjórnendur: Farið var ofan í saumana á námskeiðsfyrirkomulaginu í útílfsskólanum ásamt góðum síðum og venjum til að hafa í huga og tileinka sér sem stjórnandi námskeiðs. Auk þess var farið í algengustu dagskrárliði útílfsskólans og hvað ber að hafa í huga því tengt. Hvernig skuli ferðast með hóp barna og helstu reglur sem okkur eru settar s.s. af strætó, sundlaugum og öðrum aðilum sem við vinnum með í starfinu. Góðar tillögur að verkdreifingu voru kynntar og hvernig á að tryggja að foreldrar, þátttakendur og starfsfólk sé meðvitað um dagskrá og mikilvægi þess að öll samskipti séu góð og skýr.

